

Upplýsingablað um gagnavernd

Með þessari tilkynningu upplýsum við þig um úrvinnslu á persónulegum upplýsingum þínum og þau réttindi sem þú hefur samkvæmt gagnaverndarlögum.

Ábyrgðaraðili fyrir gagnavinnslu

VPV LEBENSVERSICHERUNGS-AG
VPV ALLGEMEINE VERSICHERUNGS-AG

Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Þýskalandi

Sími: 0049 (0)7 11 / 13 91-60 00

Fax: 0049 (0)7 11 / 13 91-60 01

Eyðublað í gegnum tölvupóst: örugg tenging í gegnum vefsíðu

okkar www.vpv.de/kontakt

Netfang: info@vpv.de

Ábyrgðaraðili er viðeigandi samningsaðili þinn. VPV Lebensversicherungs-AG ber ábyrgð á öllum solumálum, einnig þeim sem varða samstarfsaðila þína.

Þú getur haft samband við **gagnaverndarfulltrúa** með því að senda bréfpóst á ofangreint heimilisfang og stíla á gagnaverndarfulltrúa, eða með því að senda tölvupóst á datenschutzbeauftragter@vpv.de, eða með því að hringja í síma 0049 (0)7 11 / 13 91-10 50.

Tilgangur og lagalegur grunnur fyrir gagnavinnslunni

Við vinnum úr persónugögnum þínum í samræmi við gagnaverndarlög ESB (GDPR), þýsku gagnaverndarlögin (BDSG), gagnaverndarreglugerðir í samningslögunum (VVG) og öll önnur viðeigandi lög. Að auki hefur fyrirtækið skuldbundið sig til að fara eftir „Verkreglum við meðhöndlun þýska tryggingariðnaðarins á persónugögnum“, sem taka fram ofangreindar reglur fyrir tryggingaiðnaðinn. Hægt er að sækja þær á netinu á vefsíðunni www.gdv.de/tag/code-of-conduct-datenschutz/.

Ef þú sækir um tryggingu hjá okkur þurfum við upplýsingarnar sem þú veitir okkur til að ljúka við samninginn og meta áhættuna sem við tökum á okkur. Ef tryggingasamningurinn er undirritaður, vinnum við úr þessum gögnum til að uppfylla samningsbundnar skyldur okkar, m.a. fyrir eftirlit og útgáfu reikninga. Til dæmis, þurfum við upplýsingar um tjón til að geta metið hvort það sé tryggt og hversu alvarlegt það er.

Ekki er hægt að undirrita samninginn eða setja í gildi án þess að vinna úr persónugögnum þínum.

Að auki þurfum við á persónugögnum þínum að halda fyrir tölfraeðiupplýsingar tengdar tryggingum, t.d. til að reikna út ný iðgjöld eða hlíta lagalegum kröfum. Við notum gögn frá öllum núverandi samningum við VPV fyrirtæki til að rannsaka öll sambönd við viðskiptavinum, t.d. til að ráðleggja breytingar á samningum, viðbætur, ákvarðanir í góðri trú eða til að veita heildstæðar upplýsingar.

Lagalegan grunnur fyrir úrvinnslu á persónugögnum í samningsbundnum tilgangi má finna í 6 gr. mgr. 1 b) í GDPR. Ef við höfum þörf fyrir sérstök persónugögn (t.d. heilbrigðisupplýsingar þínar þegar líftryggingasamningi lýkur) munum við leita samþykkis þíns í samræmi við 9. gr. mgr. 2 a) ásamt 7. gr í GDPR. Ef við söf-

num tölfraeðiupplýsingum frá þessum gagnaflokkum verður það gert á grundvelli 9. gr. mgr.2 j) í GDPR ásamt 27. gr. BDSG (þýsku gagnaverndarlögunum).

Einnig vinnum við úr gögnum þínum til að vernda lögmæta hagsmuni okkar eða þriðju aðila (6. gr. mgr. 1 f) í GDPR). Þetta getur verið nauðsynlegt sérstaklega til að:

- Tryggja tölvuöryggi og -starfsemi,
- Til að auglýsa okkar eigin tryggingaþjónustu og aðra þjónustu fyrirtækja innan VPV-hópsins og samstarfsaðila þeirra, og fyrir markaðskannanir og spurningalista,
- Til að koma í veg fyrir og ljósra upp um glæpsamlegt athæfi; nánar tiltekið eru gagnagreiningar notaðar til að finna vísbendingar um tryggingamisferli.

Að auki vinnum við úr persónugögnum þínum til að uppfylla lagaleg skilyrði svo sem kröfur reglugerða, skyldu til að vista viðskipta- og skattagögn, eða ráðgjafartengdar skyldur. Lagalegur grunnur fyrir úrvinnslu í þessum tilfellum eru viðeigandi lagaleg ákvæði ásamt 6. gr. mgr. 1 c) í GDPR.

Ef við óskum eftir því að vinna úr persónugögnum þínum í öðrum tilgangi en þeim sem eru gefnir upp hér fyrir ofan, munum við láta þig vita af því fyrirfram innan ramma lagalegra ákvæða.

Ef við vinnum úr persónugögnum þínum vegna þess að við höfum gert samning við samstarfsaðila fyrir þína hönd, munum við geyma gögnin um þig til að geta ráðlagt þér um tryggingatækifæri, í samræmi við 6. gr. mgr. 1 b) í GDPR.

Ef við vinnum úr persónugögnum þínum vegna þess að þú ert fulltrúi tryggingataka, tjónþoli eða meðaðili í úrvinnslu bóta við framkvæmd tryggingasamningsins, munum við geyma gögnin um þig til að uppfylla samningsbundnar skyldur okkar við tryggingatakann, í samræmi við 6. gr. mgr. 1 f) í GDPR.

Flokkar móttakenda persónugagna

Endurtryggjendur:

Við tryggjum áhættu sem við tökum á okkur hjá sérstökum tryggingafyrirtækjum (endurtryggjendum). Af þeirri ástæðu getur verið nauðsynlegt að áframsenda samning þinn og tjónsgögn, ef við á, til endurtryggjanda svo að hann geti framkvæmt eigið mat á tjóninu eða tryggða atburðinum. Að auki getur endurtryggjandi notað sérkunnáttu sína til að aðstoða fyrirtæki okkar við mat á áhættu eða frammistöðu og fyrir ferlismat. Við munum einungis senda gögn þín til endurtryggjanda ef það er nauðsynlegt til að uppfylla samning okkar við þig eða ef það er nauðsynlegt til að vernda lögmæta hagsmuni okkar.

Til að fá nánari upplýsingar um endurtryggjandann General Reinsurance AG sem við notum, er hægt að smella hér: en.genre.com/Datenschutz/HinweiseArt14DSGVO/ Einnig er hægt að biðja um upplýsingarnar með því að nota ofangreinda tengiliðaupplýsingar.

Milliliður:

Ef þú ert með fulltrúa sem sér um tryggingasamninga þína fyrir þína hönd mun hann vinna úr umsjónar-, samnings-, og tjónagögnum eftir því sem þörf krefur fyrir uppfyllingu og

framkvæmd samningsins. Fyrirtæki okkar sendir þessi gögn einnig til milliliða sem bera ábyrgð gagnvart þér, svo lengi sem þeir þurfa upplýsingarnar til að aðstoða þig og ráðleggja þér hvað varðar mál tengd tryggingum og fjármálaþjónustu.

Gagnavinnsla hjá fyrirtækjasamsteypum:

Sérhæfð fyrirtæki eða deildir innan samsteypu okkar framkvæma ákveðna gagnavinnslu miðlægt fyrir fyrirtækin innan samsteypunnar. Ef tryggingasamningur er í gildi á milli þín og eins eða fleiri fyrirtækja í samsteypu okkar, getur fyrirtæki innan samsteypunnar unnið miðlægt úr persónugögnum þínum fyrir miðlæga umsjón með búsetuupplýsingum, símaþjónustu við viðskiptavinum, fyrir vinnslu á samningum og þjónustu, fyrir rukkun og greiðslur eða fyrir sameiginlega póstvinnslu. Í listanum okkar yfir þjónustuaðila er hægt að finna þau fyrirtæki sem taka þátt í miðlægri gagnavinnslu.

Utanaðkomandi þjónustuaðilar:

Til að uppfylla samningsbundnar og lagalegar skyldur okkar, notum við utanaðkomandi þjónustuaðila í sumum tilfellum.

Hægt er að finna lista yfir verktaka og þjónustuaðila, sem eru ekki í tímabundinni ráðningu, í viðaukanum og í nýjustu útgáfunni á vefsíðu okkar á www.vpv.de/datenschutz.

Aðrir móttakendur:

Að auki getum við flutt persónugögn þín til annarra móttakenda, svo sem yfirvalda til að uppfylla lagalegar tilkynningaskyldur (svo sem hjá félagsstofnunum, skattstofu eða lögreglu).

Sendingar á gögnum til þriðja lands

Ef við sendum persónugögn til þjónustuveitenda utan evrópska efnahagssvæðisins (EES) mun sú sending einungis eiga sér stað ef landið hefur staðfesta viðunandi gagnavernd samkvæmt Evrópuráðinu eða ef aðrar tryggingar fyrir gagnavernd eru til staðar (s.s. bindandi gagnaverndarlög innan fyrirtækisins eða samningsákvæði samkvæmt ESB-stöðlum). Eins og er eru engin gögn send til þriðja lands.

Geymslutími gagna

Við munum eyða persónugögnum þínum þegar ekki er lengur þörf á þeim fyrir ofangreindan tilgang. Í sérstökum tilfellum geta persónugögn verið geymd svo lengi sem hægt er að gera bótakröfu til okkar (lagalegar takmarkanir upp á þrjú til þrjátíu ár). Að auki munum við geyma persónugögn þín svo lengi sem lög skylda okkur til þess. Viðeigandi kröfur um að veita sönnunargögn og halda skrár koma meðal annars frá viðskiptalögum, skattalögum og lögum gegn peningþvætti. Þessi geymslutími getur numið allt að tíu árum.

Réttur gagnaviðfanga

Þú getur sent beiðni um upplýsingar um vinnslu á persónugögnum þínum til heimilisfangsins sem er á fyrstu blaðsíðu. Að auki getur þú beiðni um leiðréttingu eða eyðingu á gögnum þínum, í sérstökum tilfellum. Einnig gætir þú haft rétt á að takmarka vinnslu á gögnum þínum og rétt á að fá í hendur gögnin sem þú hefur veitt okkur á skipulögðu, almennu og tölvulæsilegu sniði.

Andmælaréttur

Þú hefur rétt á því að andmæla vinnslu á persónugögnum þínum í beinu markaðssetningarskygni.

Ef við vinnum úr gögnum þínum til að vernda lögmæta hagsmuni, getur þú andmælt slíkri vinnslu ef sérstakar kringumstæður þínar gefa ástæður gegn gagnavinnslu.

Ákæruéttur

Þú getur haft samband við gagnaverndarfulltrúann sem gefinn er upp hér fyrir ofan eða gagnaverndarstofnun til að leggja fram kvörtun. Gagnaverndarfulltrúinn sem við heyrum undir er:

Der Landesbeauftragte für den Datenschutz
und die Informationsfreiheit
Königstraße 10 a
70173 Stuttgart, Þýskalandi

Gagnasendingar til fyrri tryggingaaðila þíns

Persónugögn geta verið send á milli okkar og fyrri tryggingaaðila sem þú gafst upp í umsókn þinni, að því marki sem nauðsynlegt er til að geta athugað upplýsingar þínar við upphaf eða lok tjónamáls og til að bæta við þau ef þörf er á.

Sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig

Við tökum algerlega sjálfstætt ákvarðanir um hvort samningur á milli þín og okkar sé samþykktur eða honum sagt upp, mögulegar útilokanir á áhættuþáttum eða upphæð iðgjalda sem þú þarft að greiða, byggt á áhættuupplýsingum frá þér sem við biðjum um þegar þú sendir inn umsókn þína.

Viðauki

fyrir „Upplýsingablað um gagnavernd“ og fyrir samþykki fyrir söfnun og notkun á heilbrigðisgögnum og trúnaðaryfirlýsingu.

Ábyrgðaraðilar fyrir gagnasöfnun samkvæmt 4 gr. Nr 7 GDPR eru

VPV LEBENSVERSICHERUNGS-AG

VPV ALLGEMEINE VERSICHERUNGS-AG

Sem samsteypufyrirtæki með sameiginlegri gagnavinnslu að hluta til, innan samsteypunnar

Listi yfir verkataka og þjónustuaðila sem VPV Lebensversicherungs-AG (LAG) og VPV Allgemeine Versicherungs-AG (SAG) starfa með við vinnslu á pöntunum eða þjónustu:

Verktaki / þjónustuaðili	Markmið/tilgangur verkefnis	Samningsaðili	
		LAG	SAG
VPV Lebensversicherungs-AG Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Þýskalandi	þjónusta innan samsteypunnar		X
VPV Service GmbH Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Þýskalandi	Samskipti við viðskiptavini, áhættumat, frammistöðustjórnun endurskoðun fyrir tryggingafyrirtæki VPV	X	X
Vereinigte Post. Die Makler-AG Max-Planck-Straße 37 a, 50858 Köln, Þýskalandi	Stuðningur við samskipti miðlara	X	X
VPV Beratungsgesellschaft für Altersversorgung mbH Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Þýskalandi	Ráðgjafarþjónusta fyrir sameignlegar og einstaklingsbundnar lausnir vegna atvinnulífeyris	X	
Fujitsu TDS GmbH Konrad-Zuse-Str. 16, 74172 Neckarsulm, Þýskalandi	Tölvuþjónustufyrirtæki	X	X
msg life Deutschland GmbH Elsenheimerstr. 65, 80687 München, Þýskalandi	Tölvuþjónustufyrirtæki	X	X
E-POST Solutions GmbH Sträßchensweg 10, 53113 Bonn, Þýskalandi	Prentþjónusta	X	X
IHR Rehabilitationsdienst GmbH Clever Straße 13-15, 50668 Köln, Þýskalandi	Aðstoð við mál tengd heilsu-, félagsog starfsendurhæfingu	X	X
Malteser Hilfsdienst gemeinnützige GmbH Malteser Service Center Kalker Hauptstraße 22-24, 51103 Köln, Þýskalandi	Aðstoðarþjónustur		X
Regis24 GmbH Zehdenicker Str. 21, 10119 Berlin, Þýskalandi	Auðkenning heimilssanga	X	X
REISSWOLF Deutschland Akten- und Datenträgervernichtung GmbH Normannenweg 28, 20537 Hamburg, Þýskalandi	þjónustuaðili fyrir gagnaeyðingu	X	X
DBF Deutsche Bestattungsfürsorge GmbH & Co. KG Arndtstraße 23 A, 34123 Kassel, Þýskalandi	Ráðgjöf og stuðningur við mál tengd jarðarfaralífeyrissamningum	X	
EOS Deutscher Inkasso Dienst GmbH Steindamm 71, 20099 Hamburg, Þýskalandi	Innheimtuþjónusta		X

Að auki starfa VPV Lebensversicherungs-AG og VPV Allgemeine Versicherungs-AG með eftirfarandi aðilum sem vinna úr heilbrigðisgögnum:

Aðrir þjónustuaðilar eftir flokkum	Úthlutuð verkefni		
Sérfræðingar (Læknar, geðlæknar, sálfræðingar)*	Undirbúningur sérfræðiálita, ráðgjafarþjónusta í tengslum við frammistöðupróf og endurhæfingaraðgerðir ásamt öðrum meðferðarkostum	X	X
Aðrar endurhæfingarþjónustur þjónustuaðilar fyrir viðbótar- og hjúkrunarþjónustur*	Aðstoðarþjónustur	X	X
Aðrir tölvuþjónustuaðilar	Fjarviðhald og vinnsla á pöntunum	X	X
Endurtrygging	Áhættumat, frammistöðumat sem endurtryggingafyrirtæki	X	X

* * Þú getur andmælt formlega sendingu á persónugögnum þínum til þjónustuaðila í þessum flokki hvenær sem er. Til að gera það skaltu vinsamlegast senda bréfpóst til: VPV Versicherungen, Kundenservice, Postfach 31 17 55, 70477 Stuttgart, Þýskalandi. Þú getur komið á öruggri tengingu í gegnum vefsíðuna www.vpv.de/kontakt. Einnig er hægt að hafa samband við okkur með því að senda tölvupóst til info@vpv.de eða info@vpv.epost.de eða hringja í síma: 0049 (0)7 11 / 13 91-61 50.